

# Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

## Fundur – 09. nóvember 2010

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 09. nóvember 2010, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

### Dagskrá:

#### Dagskrárliður 1

Arnargerði 27: Guðmundur Sigfússon sækir um byggingaleyfi fyrir stækkun á hesthúsinu Arnargerði 27. samkvæmt fyrirleggjandi aðalteikningu.

**Afgreiðslur:** Nefndin leggur til að byggingarleyfi verði veitt og lóðin stækkuð um 9,1m<sup>2</sup> í samræmi við aðalteikningu. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

#### Dagskrárliður 2

Mýrarbraut 15: Einar Evensen óskar eftir byggingarleyfi til að setja arinn (eldstæði) í íbúð sína, samkvæmt meðfylgjandi teikningu og mynd. Reykrörið verður smíðað hjá Funa e.h.f. Reykjavík, samkvæmt íslenskum lögum og reglum.

**Afgreiðslur:** Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um að samráð skal haft við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.

#### Dagskrárliður 3

Lækjardalur: Angela Berthold spyr hvort leyfi fái til fyrir gróðurskýli við fjósbyggingu. Hugmynd Angelu er að skýlið verði byggt úr timbri með plastdúk yfir.

**Afgreiðslur:** Fyrirspurnin fær jákvæða umsögn.

#### Dagskrárliður 4

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál A- Hún. sækir um leyfi fyrir skilti á stafn hússins Hnjúkabyggð 30 (BÓKASAFN – SKJALASAFN A-HÚN)

**Afgreiðslur:** Nefndin samþykkir erindið.

#### Dagskrárliður 5

Hnjúkabyggð 27, Húnabraut 42: Byggingarfulltrúi f.h. Blönduósbæjar: Leigjendur hafa óskað eftir leyfi til að setja upp gerfihnattadiska á húseignirnar Hnjúkabyggð 27 og Húnabraut 42. Þar sem samband fyrir gerfihnattadisk næst ekki af svölum Hnjúkabyggðar 27 sem snúa í s-vestur, verður gerfihnattadiskur að vera á suður stafni eða n- austur hlið. Byggingarfulltrúi leggur til að ef leyft verður að setja gerfihnattadiska á húsið verði það á valda staði t.d. ofarlega á s-stafn eða á þak. Gerfihnattadiskur var á Húnabraut 42. Óskað er eftir að nýr diskur verði settur á suður stafn ofarlega við þakskegg (á sama stað og gamli diskurinn var).

**Afgreiðslur:** Nefndin samþykkir erindin en setur það skilyrði að haft verði samráð við byggingarfulltrúa um staðsetningu og frágang.

#### Dagskrárliður 6

Sunnubraut 5: Hjörleifur Júlíusson leggur fram tillöguteikningu af einbýlishúsi, óskað er eftir umsögn byggingarnefndar.

**Afgreiðslur:** Tillagan fær jákvæða umsögn.

#### Dagskrárliður 7

Elvar Hallgrímsson f.h. Kótamiðlun ehf. leggur fram fyrirspurn um lóðir við Sunnubraut og leggur fram tillögu af 2 x 6 íbúða raðhúsum. Ef breyta þarf skipulagi er umsækjandi tilbúinn að greiða þann kostnað.

**Afgreiðslur:** Erindinu er frestað til næsta fundar.

## Dagskrárliður 8

Land við Dýhól: Skel og fiskur ehf óskar eftir leigu á landi og vatni sem er í eigu Blönduósbæjar. Landið er merkt inn á mynd og skiptist í tvö svæði sem afmarkast með skurðum. Skel og Fiskur ehf er í samstarfi við Hólaskóla um rannsóknir og mælingar á aðstæðum til bleikjueldis og kemur skólinn að rannsóknum á þessu svæði verði leyfi gefið að hálfu Blönduósbæjar. Um tilraunareldi yrði að ræða til eins árs sem gefur frekari upplýsingar um möguleika á svæðinu.

**Afgreiðslur:** Nefndin tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari upplýsingum. Ingunn Ásgeirsdóttir og Haukur Ásgeirsson yfirgáfu fund meðan á umræðum stóð um þennan lið stóð.

### Önnur mál:

Nefndin felur byggingarfulltrúa að fara yfir stöðu á úthlutuðum lóðum í bænum. Þannig að hægt verði að endurúthluta þeim lóðum sem ekki hefur verið framkvæmt á og fallnar eru á tíma.

Samkvæmt erindisbréfi. Skipulags -, byggingar- og veitunefndar á nefndin að gera tillögu að framkvæmdum næsta árs. Því óskar nefndin eftir upplýsingum um þann fjárhagsramma sem ætlaður er til þessara verka, samanber 7.grein í skipunarbréfi nefndarinnar.

*7. gr. Hlutverk Skipulags -, byggingar- og veitunefndar er m.a.:*

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skipulags-, byggingar- og veitumálum í sveitarfélaginu*
- að fara með byggingarmálefni og skipulagsmál eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma*
- að sjá um rekstur og framkvæmdir, vatnsveitu og fráveitu Blönduósbæjar skv. ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma*
- að fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda*
- að fara með gatnagerðar- og umferðarmál, gera tillögur í þeim efnum eftir því sem tilefni gefst til*
- að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástandi strandlengjunnar í sveitarfélaginu*
- að hafa samvinnu við yfirvöld um tillögugerð í þessum málaflokkum*
- að fylgjast með umgengi og hirðu lóða, lenda og fasteigna*
- að gera tillögur um hirðingu bæjarlandsins*
- að gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um útgjaldaliði byggingareftirlits, skipulagsgerðar og veitna.*
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.*

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið 19:30.

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)  
Valgerður Gísladóttir (sign)  
Hilmar Þór Hilmarsson (sign)  
Haukur Ásgeirsson (sign)  
Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Þórður Pálsson (sign)